

1. bekkur

„Leynistaður“ fyrsta bekkjar er **Plútóbrekkan**. Við teljum að Plútóbrekkan sé hentug sem leynistaður fyrir fyrsta bekk þar sem hún er mjög stutt frá skólanum.

Í byrjun eru forhugmyndir barnanna kannaðar. Út frá því spjalli vakna margar spurningar sem kennarinn nýtir sér við kennslu og verkefnagerð.

Spurningarnar til að kanna forhugmyndir barnanna geta verið:

- Hvað er hægt að gera í brekkunni?
- Hvernig er náttúran/gróðurinn?
- Hvaða dýr finnum við í brekkunni?
- Af hverju heitir hún Plútóbrekka?
- Hefur brekkan alltaf verið þarna?
- Er hægt að búa til brekku?
- Hvaða efni þurfum við til að búa til brekku?
- Hvernig myndum við vilja hafa brekkuna?
- Búa álfar í svona brekku?
- Eru allar brekkur jafnháar?
- Hvað sjáum við þegar við stöndum niðri?
- Hvað sjáum við þegar við stöndum uppi?



Haust í Plútóbrekku

Eftir fræðslu og spjall er farin fyrsta vettvangsferð á „Leynistaðinn“. Áður en lagt er af stað hafa börnin útbúið kort af gönguleiðinni og nota það á ferðum sínum um staðinn.

Við byrjum á því að nefna þann gróður sem við sjáum og þekkjum. Gæti verið í formi hringleiks Ég sé... og barnið nefnir eina gróðurtegund.

Fyrir neðan Plútóbrennkuna er listaverk. Við ætlum að skoða listaverkið „Maður og kona“ eftir Hallstein Sigurðsson.

Spurningar vakna:

- Úr hverju er listaverkið?
- Hvað er það þungt?
- Hvað er það hátt?
- Hvað er það breitt?
- Hvernig verður maður listamaður?

Leikur: Gæti verið myndastyttuleikur.



Á móti Plútóbrennkunni er varnargarður með stórum steinum. Börnin skoða steinana og við það vakna spurningar:

- Hvaðan koma þessir stóru steinar?
- Hvað eru þeir þungir?
- Hvað eru þeir breiðir?
- Hvað eru þeir háir?
- Hvernig komust þeir á staðinn?
- Hvernig verða steinar til?
- Eru steinarnir sléttir- hrufóttir?
- Eru þeir mjúkir-harðir?

Leikir: Leikræn tjáning, leika tröll og álfa.

Tilraunir: Hvað gerist þegar við rúllum niður brekkuna, hvað gerist inní okkur? Hvernig líður okkur? Hvers vegna rúllum við hratt? Hvers vegna rúllum við hægt?

Grafa niður kartöflu-hvað gerist?

Vetur í Plútóbrennkunni

Plútóbrennkan er mikið vetrarleiksvæði barnanna. Við fylgjumst með breytingum í náttúrunni.

Áður en lagt er af stað könnum við forhugmyndir barnanna

- Hvað ætli hafi breyst frá því að við vorum síðast á „Leynistaðnum“?
- Hafa orðið breytingar á veðri?
- Hafa orðið breytingar á birtu?
- Þurfum við að klæða okkur öðruvísi?
- Er lifandi gróður í brekkunni/undir snjónum?
- Sjáum við fugla?
- Hvaða fugla?



Í þessari ferð er fuglafóður haft með og stráð á ákveðinn stað til að gefa fuglunum.

Leikir:

Þegar snjór er yfir öllu förum við í sleðaferð, útbúum mismunandi listaverk úr snjónum.

Tilraunir:

Höfum ílát með okkur til að fylgjast með bráðnun íss á mismunandi stöðum í skólastofunni.

Rennum okkur niður brekkuna með mismunandi undirlag undir okkur.

Hvað hefur gerst með það sem við grófum niður? Getum við grafið það upp um veturinn?

Vor í Plútóbrennkunni

Á vorin er allt að vakna í náttúrunni og ferðum í Plútóbrennkuna fjölgar.

Byrjað er á forhugmyndum barnanna:

- Hvað hefur breyst í náttúrunni?
- Hvað hefur bæst við?
- Hvaða blóm sjáum við?
- Hvernig lítur smári út?
- Hvernig lítur hundasúra út?
- Hvaða farfugl kemur fyrstur í Plútóbrennkuna?



Um vorið er skipulögð ferð í Plútóbrennku með nesti.

Leikir:

Við bjóðum vinabekknunum með okkur einu sinni og förum með þeim í leiki, segjum frá og sýnum vinabekknunum tilraunastaðinn okkar.

Tilraunir:

Skoðum það sem við grófum niður.

Lokaverkefnið verður að bjóða foreldrum á staðinn og börnin sýna leikþátt um mismunandi árstíðir í Plútóbrennkunni. Börnin segja frá þessu verkefni út frá dagbók sem þau hafa haldið yfir tímabilin.